

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða á eftir 4. mgr. 57. gr. reglnanna:

- a. Í stað ártalanna „2016-2017 og 2017-2018“ í 1. málslíð 1. mgr. kemur: 2018-2019 og 2019-2020.
- b. 3. og síðasti málslíður 1. mgr. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 130. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðanna „mekatróník hátæknifræði og iðntæknifræði“ í b-lið 1. mgr. kemur: tækni-fræði.
- b. 6. mgr. orðast svo:
Til BS-prófs í tækni-fræði er krafist minnst 210 eininga. Nám í tækni-fræði er aðgreint frá námi í rafmagns- og tölvuverkfræði og fer fram á öðrum vettvangi.

3. gr.

3. málslíður 1. mgr. 131. gr. reglnanna orðast svo: Kennslu til BS-prófs í tækni-fræði skal haga þannig að stúdent geti lokið 210 eininga námi á þremur og hálfu ári.

4. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 2. mars 2018.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.